

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Malbikstöðin Reykjavík - Esjumelar



Dags eftirlits	11.6.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Malbikstöðin	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Koparsléttu 6 - 8	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	700402-7890	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Vilhjálmur Þór Matthíasson	ÍSAT nr.	23.99.0
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurður M Harðarson	Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust.

Bent er á að frágangi við girðingar og gróðursetningar á lóðamörkum þarfa að ljúka við fyrsta tækifæri.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt í samræmi við reglugerð nr.550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Fyrir lá að skoða malbiksstöð Malbikstöðvarinnar ehf. á Koparsléttu 6-8 á Esjumelum. Eftirlitið hófst á fundi í húskynnum rekstraraðila við Koparsléttu 2 í Reykjavík. Farið var í skoðunarferð um stöðina að fundi loknum.

Starfsleyfið veitir rekstraraðila heimild til að framleiða allt að 160 t/klist. af malbiki, auk þess að reka tengda starfsemi og þjónustu, endurvinna malbik og framleiða bikþeytu. Á fundinum voru Vilhjálmur Þór Matthíasson framkvæmdastjóri og eigandi Malbikstöðvarinnar ehf., Sigurður M. Harðarson ráðgjafi rekstraraðila og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

Dagskrá eftirlitsins:

1. Farið yfir stöðu ábendinga úr eftirliti síðasta árs.
2. Farið yfir umhverfiskröfur og losunarmörk starfsleyfi:
  - áætlanir, mælingar, skýrslur (og gagnaskil), tilkynningar og skráningar rekstraraðila
3. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2021
4. Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir
5. Skoðun verksmiðjunnar og lóð.

1. Starfsleyfi rekstraraðila var gefið út 3. júní á síðasta ári og umbúnaður á lóð enn í gangi þegar komið var í eftirlit. Rekstraraðila var bent á að ljúka gerð skriflegra áætlana sem liggja eiga fyrir. Nú var farið yfir áætlanir með rekstraraðila og hafa þær allar verið uppfærðar og eru samþykktar að hálfu Umhverfisstofnunar. Í fyrra eftirliti var rekstraraðila bent á kröfur um olíuheld svæði sem olíuskiljur skulu þjónusta og mikilvægi þess að móta yfirborð stöðvarinnar þannig að olíuskiljur séu ekki undir of miklu á lagi í aftakaúrkomu. Tvær NS3 olíuskiljur eru í lóðinni og hún mótuð þannig að halli í rétta átt. Þau malbikuðu svæði sem olíuskiljur þjónusta ekki halla að útjaðri lóðarinnaðar þar sem drenkerfi tekur við úrkomunni. Stærstu hluti lóðarinnaðar hefur verið malbikaður og stefnt er á að ljúka frágangi á lóð á næstu mánuðum. Sópur sér um að halda ryki í lágmargi. Bíuð er að setja upp myndavélakerfi og girðingavinna og afmörkun lóðarinnaðar vel á veg komin. Gögn sem rekstraraðili var beðinn um að senda hafa öll borist. Ekki eru gerðar athugasemdir við úrbætur þessar.

2. Allar skriflegar áætlanir rekstraraðila sem starfsleyfið gerir kröfu um liggja fyrir. Sjá einnig að hér ofar.

Mælingar á hávaða og mælingar í útblæstri skorsteins hafa borist. Öll gildi eru í samræmi við losunarmörk sem sett eru í starfsleyfi nema útblásturshraði í skorsteini. Frávik er opið vegna þessa og úrbótaáætlun gerir ráð fyrir að úr verði bætt fyrir 15. september nk. Mælingar á olíu og svifögnum í fráveituvatni vegna ársins 2020 hafa ekki borist en mæla skal einu sinni á ári og skila gögnum fyrir 1. maí ár hvert. Þetta er frávik frá kröfum í starfleyfi. Samkvæmt kröfum í grein 3.7 skal olía í fráreppsli vera undir 15 mg/kg og svifagnir vera undir 50 mg/L.

Rekstraraðili skal skila Grænu bókhaldi í samræmi við reglugerð nr. 851/2002, sjá ákvæði í starfleyfi í grein 4.6.

Grænu bókhald skal skilað fyrir 1. maí ár hvert. Grænt bókhald rekstraraðila fyrir rekstrarárið 2020 hefur ekki borist og er það frávik frá kröfum í starfsleyfi.

Skráningar samkvæmt gr. 4.1 í starfsleyfi snúa að viðhaldi, eftirliti og bilunum í hreinsikerfi í útblæstri (pokasíur) og fráreppsli (olíuskiljur). Eins skráningar á kvörtunum sem berast vegna starfseminnar, skráningar á hugsanlegum mengunaróhöppum, skráningar á magni og gerð úrgangsefna sem myndast í rekstrinum, sem og spilliefna. Halda þarf utan um kvittanir vegna förgunar á úrgangi og spilliefnum. Ráðgjafi rekstraraðila (SMH) hefur unnið að uppsetningu skráningarkerfi félagsins. Verður skoðað betur í næsta eftirliti.

3. Farið var yfir áhættumat um tíðni eftirlits ársins 2021. Breytingar á flokkum og vægi þeirra í áhættumati fyrir malbikunarstöðvar voru kynntar. Uppfært áhættumat fyrir stöðina verður sent rekstraraðila áður en til næsta eftirlits kemur.

4. Engin mengunaróhöpp hafa orðið frá því að rekstur hófst, en nokkrar tilkynningar og kvartanir hafa borist. Tvær kvartanir vegna ólyktar sem gaus upp við dælingu á asfalti. Þetta er einnig þekkt annarsstaðar frá og stafar af óvenju illa lyktandi farmi sem barst til landsins og var dreift á margar malbikunarstöðvar á landinu. Líklega hefur tekist að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig.

Eins hafa komið fram kvartanir eða áhyggjur nágranna með efni sem fara frá Malbikstöðinni og í fráveitukerfi Veitna ohf. og endar úti í Kollafirði. Niðurstöður mælinga í frárennsli munu skýra þetta betur en rekstraraðila er sett losunarmörk í frárennsli og skal aðgerðir innan lóðar (blágrænar ofanvatnslausnir) draga úr á lagi á fráveitukerfi og viðtakann (Kollafjörð).

Rekstraraðila hefur skilað skráningaráblaði vegna olíugeyma og verður því komið til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur sem heldur utan um skráningar á stökum olíugeymum.

5. Farið var í skoðunarferð. Skoðuð voru olíumannvirki á lóðinni og umbúnaður um þau. Virtist allt í góðu lagi. Gengið var um lóðina og skoðaður vatnshalli og hvernig lóðinni hallar ýmist að olíuskiljum og drengsvæðum. Enn er nokku ólokið í frágangi og fegrún lóðarinna en nota á sumar og haust til úrbóta.

#### Frávik frá

#### Lýsing á fráviki

ákvæði í grein 4.2 í starfsleyfi sem kveður á Niðurstöður mælinga í frárennsli vegna rekstrarársins 2020 hafa enn um árlegar mælingar í frárennsli. ekki borist til Umhverfisstofnunar.

ákvæði í grein 4.6 í starfsleyfi gera kröfu um Grænt bókhald rekstraraðila vegna ársins 2020 hefur ekki borist skil á Grænu bókhaldi ársins á undan fyrir Umhverfisstofnun.

1. maí.

#### ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að frágangi við girðingar og gróðursetningar á lóðamörkum þarfa að ljúka við fyrsta tækifæri.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 18.08.2021

  
Gottskálk Friðgeirsson

bls. 4